

Stefnandi, Stefán G. Ásmundsson, á sjóveðrétt í m/b Gláð,
VE 270, til tryggingar kröfu sinni.
Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 30. apríl 1970.

Nr. 166/1969. **Haraldur Pétursson**

(Jón P. Emils hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Ólafur Stefánsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Riftun ráðningarsamnings. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. ágúst s. á., og gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 304.300.00 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Háttsemi áfrýjanda í sambandi við ölbrugg í húsakynnum skólans, eins og hún er rakin í vitnaframburðum, var óviðurkvæmileg og samrýmdist ekki starfi hans. Skólastjóra var því heimilt að rifta ráðningu áfrýjanda.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skirskotun til forsendna héraðsdóms ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Haralds Péturssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. nóvember 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. nóvember 1968, hefur stefnandi, Haraldur Pétursson bryti, Eiðum, Eiðahreppi, Suður-Múlasýslu, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 29. september 1966, á hendur fjármálaráðherra og menntamálaráðherra f. h. ríkissjóðs fyrir sína hönd og eiginkonu sinnar, Katrínar Hrafnfjörð, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 427.900.00 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1966 til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi annarrar lægri fjárhæðar eftir mati dómsins með vöxtum, eins og í aðalkröfu greinir. Enn fremur krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands að mati réttarins.

Af hálfu stefnda menntamálaráðherra hefur ekki verið sótt þing.

Af hálfu stefnda fjármálaráðherra eru gerðar eftirfarandi dómkröfur: Aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfum sínum þannig, að hann féll frá öllum kröfum í máli þessu vegna eiginkonu stefnanda, Katrínar Hrafnfjörð. Lækkar því stefnu-fjárhæðin úr kr. 427.900.00 í kr. 304.300.00.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum í stefnu, að með samningi, dagsettum 21. júní 1966, undirrituðum af Þorkeli St. Ellertssyni skólustjóra f. h. Alþýðuskólans á Eiðum, Suður-Múlasýslu, og stefnanda máls þessa, var stefnandi ráðinn bryti við Alþýðuskólann á Eiðum skólaárið 1966 til 1967, og gilti samningurinn fyrir tímabilið frá 1. október 1966 til 20. júní 1967. Stefnandi hafði haft sama starf á hendi næsta skólaár á undan samkvæmt samningi, gerðum milli sömu aðilja í september 1965.

Um leið og gengið var frá ráðningarsamningi stefnanda, segir hann svo hafa samizt um, að eiginkona hans, Katrín Hrafnfjörð, hafi verið ráðin sem starfsstúlka í mótuneyti Eiðaskólans frá

1. október 1966 til 20. júní 1967, en hún hafi einnig starfað þar skólaárið á undan. Skyldu laun hennar vera kr. 8.000.00 á mánuði, en auk þess skyldi hún hafa ókeypis fæði í mótuneytinu. Um ráðningarkjör hennar var ekki gerður skriflegur samningur.

Eftir að stefnandi kom frá Eiðum vorið 1966, var hann og fjölskylda hans búsett að Nýbýlavegi 49 í Kópavogi.

Sunnudaginn 21. ágúst bar það til tíðinda, að skólastjóri Eiðaskólans, Þorkell St. Ellertsson, hringdi til stefnanda og mæltist til að fá viðtal við hann vegna áriðandi erindis. Þegar skólastjórinn kom til bústaðar stefnanda í Kópavogi, kvað hann það erindi sitt að fá stefnanda og eiginkonu hans til að falla frá samningum um ráðningu þeirra til starfa við Eiðaskóla. Er hann var inntur eftir ástæðum til þessarar málaleitunar, færðist skólastjórinn í fyrstu undan því að gefa upp ástæðu sína, en svaraði því síðan til, að eiginkona stefnanda hefði á s.l. vetri gefið þremur nemendum skólans sígarettur, sem væri freklegt brot á reglum skólans, og gæti hann ekki sem skólastjóri unað því, að við skólann starfaði fólk, sem svo alvarlega bryti gegn skólareglunum. Kæmi því ekki til greina af sinni hálfu, að Katrín starfaði við skólann næsta vetur. Ekki hafði það nein áhrif á skólastjóra, þótt Katrín segði honum, að áburður um sígarettugjafir hennar til skólanema væri algerlega úr lausu lofti gripinn. Er skólastjórinn var spurður um sannanir fyrir ásökunum sínum, kvaðst hann ekki hafa þær á takteinum, en þrír nemendur, sem verið höfðu í skólanum s.l. vetur, en synjað hafi verið um skólavist næsta vetur vegna reykinga, hefðu borið, að Katrín hefði gefið þeim sígarettur. Neitaði hann algerlega að láta uppi nöfn þessara nemenda, en kvaðst mundu leggja sönnunargögn sín fram síðar, ef á þyrfti að halda.

Stefnandi kveðst þá hafa bent skólastjóranum á, að jafnvel þótt nefndar ásakanir á hendur konu hans væru sannar, svo sem þær þó ekki væru, væri hér naumast um svo stórvægileg afglöp að ræða, að þau gætu réttlætt riftun gerðra samninga, heldur hlyti að nægja áminning um að láta slíkt ekki koma fyrir aftur. Auk þess væri þess að gæta, að riftun ráðningarsamnings Katrínar hefði engin áhrif á ráðningu sína, og mundi hann því koma austur að Eiðum á umsömdum tíma og taka þar við starfi sínu, þó að samningi konu hans yrði rift. Segir stefnandi, að skólastjórinn hafi þá orðið ókvæða við þessi viðbrögð sín og látið þau orð falla, að stefnandi yrði fjarlægður með lögregluvaldi, ef hann léti sjá sig á Eiðastað til starfa.

Í samtali því, sem hér að framan greinir, segir stefnandi, að

skólastjórinn hafi tekið margsinnis fram, að ekkert hafi verið út á störf hans eða konu hans að setja. Þau hafi verið leyst af hendi sem bezt varð á kosið, enda væri hann fús að gefa þeim hin beztu meðmæli, hvenær sem væri.

Priðjudagskvöldið 3. ágúst kveður stefnandi skólastjórann hafa komið að máli við sig að nýju og krafizt endanlegs svars við því, hvort stefnandi ætlaði raunverulega að koma til starfa austur að Eiðum í algerri óþökk sinni, og þá ítrekað, að honum yrði meinuð staðarvist með lögreglu- eða fógetavaldi. Stefnandi hafi þá svarað því til, að staðið yrði við samning þeirra af sinni hálfu, og kveðst stefnandi hafa látið svo um mælt við skólastjóra, að enn væri unnt að jafna ágreining þeirra í góðu. Skólastjórinn þyrfti aðeins að biðja Katrínu afsökunar á ásökunum á hendur henni og mundu þau hjónin þá líta svo á sem ekkert hefði í skorizt. Skólastjórinn hafi þá svarað því til, að það hvorki mætti hann né gæti.

Eftir þessi samtöl við skólastjórann kveðst stefnandi hafa verið í mikilli óvissu um, hvað um fyrirhugað starf hans við Eiðaskóla yrði, þar sem skólastjórinn hafi annars vegar svarað neitandi beinni fyrirspurn um það, hvort samningi hans væri einnig rift, og hins vegar hótad að láta flytja hann og skyldulið með valdi frá Eiðaskóla, ef þau kæmu þangað. Hann hafi því leitað til lögfræðings og falið honum að ræða við skólastjórann til þess að fá úr því skorið, hvað hann hygðist fyrir. Átti lögfræðingurinn nokkur samtöl við skólastjórann um málið dagana 24. og 25. ágúst s.l. Í þeim viðræðum hafi skólastjórinn lýst yfir, að ráðningarsamningur stefnanda stæði „að svo stöddu“, eins og hann komst að orði, og hann gæti komið austur að Eiðum með skyldulið sitt. Jafnframt hafi hann látið þess getið, að með þessu hefði málið snúizt á annan veg en hann hefði kosið og gert ráð fyrir, þar sem honum hefði alltaf skilizt, að það væri skilyrði af hálfu stefnanda fyrir starfi hans við skólann, að eiginkona hans hefði einnig starf þar, en um það yrði nú ekki að ræða, nema það sannaðist, að ásakanir á hendur henni ættu ekki við rök að styðjast. Loks lét skólastjórinn að því liggja í þessum viðræðum, að fyrir hendi kynnu að vera ástæður, sem réttlætt gætu riftun samningsins við stefnanda, en vildi ekki láta uppi, hverjar þær ástæður væru.

Næst gerðist það svo, að hinn 30. ágúst barst stefnanda hraðbréf, undirritað af skólastjóra Eiðaskóla, dagsett í Reykjavík 20. ágúst 1966 og póstlagt þar 29. ágúst, en með því bréfi rifti skóla-

stjórinn ráðningarsamningi sínum við stefnanda, þar sem honum hefði borizt sá orðrómur, að stefnandi bruggaði áfengi í húsa-kynnum skólans.

Stefnandi kveðst hafa mótmælt eindregið þeim aðdróttunum, sem fram komu í greindu bréfi skólastjóra Eiðaskóla, og kvað þær ekki eiga sér nokkra stoð. Hafi skólastjórinn heldur ekki leitt hinar minnstu líkur að sannindum þeirra.

Stefnandi kvaðst neita algerlega áburði skólastjóra um bruggun áfengis á skólastaðnum að Eiðum og kveður þá ásökun tilhæfulausa með öllu. Hins vegar kveðst hann játa, að fyrir hafi komið, að hann lagaði nokkrar flöskur af öli, sem nefnist Maltó, en er ekki áfengara en svo, að duft til lögunar þess mun vera selt í flestum matvöruverzlunum.

Nokkrum dögum eftir að stefnanda barst fyrrnefnt uppsagnarbréf, eða hinn 5. september þ. á., var honum svo tilkynnt frá Umferðarmiðstöðinni í Reykjavík, að hann ætti þar húsgagna-sendingu frá Eiðum. Var þar komin öll búslóð hans og fjölskyldu úr íbúð þeirra að Eiðum. Skýrði bifreiðarstjóri sá, sem annaðist flutning búslóðarinnar, Eggert Ellertsson, svo frá, að hann hefði tekið þennan flutning að sér samkvæmt beiðni skólastjórans á Eiðum. Sé því ljóst, að skólastjórinn hafi sjálfur farið eða látið aðra fara inn á heimili sitt, bera búslóðina þangað út og flytja í burtu. Kveður stefnandi skólastjórann hafa fengið sig til að láta af hendi við sig lykil sinn að íbúðinni undir því yfirskini, að lykill skólans að íbúðinni hefði glatazt, en óvarlegt væri að hafa ekki lykil að henni á staðnum, ef eitthvað kæmi fyrir, t. d. vatnsrör spryngju.

Stefnandi telur, að með riftun ráðningarsamninga hans sjálfs og eiginkonu hans hafi skólastjóri Alþýðuskólans á Eiðum gerzt sekur um ólögmat ráðningarslit, sem ríkissjóði beri að bæta sér með fébótum.

Skólastjóri Eiðaskóla, Þorkell St. Ellertsson, hefur lýst viðhorfum sínum til máls þessa í greinargerð, sem lögð hefur verið fram á dskj. nr. 12. Hann kveðst hafa verið settur skólastjóri við Alþýðuskólann á Eiðum haustið 1965. Þegar honum barst setningarbréfið, var komið fram í septembermánuð. Mörgu var þá eftir að ráðstafa á Eiðum til undirbúnings vetrarstarfinu, og vantaði meðal annars þrjá kennara og fimm manns í mötuneyti skólans, þar með talinn forstöðumaður. Á skömmum tíma tókst að útvega þetta fólk, og var stefnandi, Haraldur Pétursson, þá ráðinn bryti, en kona hans starfsstúlka í eldhúsi. Tóku þau síðan

við starfi sínu og sinntu því fram í júní 1966. Hann segir, að fljótlega hafi komið í ljós, að stefnandi hafi verið um marga hluti sérstæður maður. Hann hafi verið uppstökkkur og ekki þurft mikið út af að bera, til þess að hann ysi úr skálum reiði sinnar yfir alla nærstadda. Komið hafi fyrir, að hann hafi sleppt sér í sinni návist og ausið þá skömmum yfir sig, jafnvel í áheyrn starfsfólks mótuneytisins. Þá hafi hann einnig verið mjög vínhneigður. Að vísu hafi borið lítið á því um haustið, en farið í vöxt, er líða tók á veturinn. Var stefnandi þá iðulega undir áhrifum áfengis við störf sín. Kveðst skólustjórinn hafa gefið honum í skyn, að slíkt væri óviðunandi, og yrði hann að halda þessu einkalífi sínu aðskildu frá starfinu. Sú aðvörðun hafi aðeins dugað skamma hríð.

Þrátt fyrir þessa ágalla hafi stefnandi verið dágóður matreiðslumaður og stjórnað mótuneytinu sæmilega. Kveðst skólustjórinn hafa verið í miklum vafa, þegar líða tók á vorið, hvort hann gæti framlengt samning hjónanna. Eftir nokkrar vangaveltur og heilabrot hafi hann þó tekið þá ákvörðun að reyna einn vetur enn og sjá til, hvort ekki rættist úr því, sem miður hafði farið. Það, sem einkum hafi ráðið því, var, að matur stefnanda var allgóður, og eins hitt, að erfitt var að fá starfskrafta til að stjórna mótuneytinu. Þá hafi stefnandi enn fremur lofað að bæta ráð sitt og sníða af þá vankanta, sem mest höfðu verið áberandi í fari hans. Í viðræðum við sig hafi stefnandi skýrt hina afbrigðilegu framkomu sína á þann hátt, að við áratuga sjómennsku hefði hann vanizt á að bjarga sér með kjafti og klóm.

Samningur um ráðningu stefnanda hafi svo verið gerður og undirritaður þann 21. júní 1966. Fór stefnandi síðan frá Eiðum með fjölskyldu sína og mest alla búslóð suður til Kópavogs, þar sem hann á íbúð. Eitt herbergi hafi hann þó fengið til að geyma dót það, sem hann skildi eftir.

Þegar þau hjón, stefnandi og Katrín, voru upphaflega ráðin til starfa, hafi verið lögð á það rík áhæzla, að þau reyndu eftir fremsta megni að stuðla að góðum skólalag. Samskipti nemenda og starfsfólks yrði að vera á heilbrigðum grundvelli. Sérstaklega hafi verið brýnt fyrir þeim að vinna að fyllstu reglusemi með nemendum og tilkynna skólustjóra tafarlaust, ef út af brygði. Þessi atriði hafi verið ítrekuð nokkrum sinnum við þau hjón um veturinn.

Nokkru eftir að stefnandi og Katrín voru farin af staðnum, hafi sér borizt vitneskja um heldur misjafna hegðun þeirra og

illþolandi framferði. Hafi sér verið tilkynnt, að stefnandi hefði bruggað áfengi í húsakynnum skólans og Katrín afhent að minnsta kosti þrem skólapiltum sígarettur þá um vorið. Þetta hafi verið miklar fréttir og illar.

Skólastjórinn kveðst hafa vitað, að stefnandi neytti áfengis og kona hans reykti. En að hann þruggaði í húsnæði skólans og hún afhenti piltum sígarettur, slíkt hefði sér aldrei dottið í hug né fyrir fengið fréttir af því framferði.

Það hafi því legið í augum uppi, að reyndust þessar fregnir réttar, var óhugsandi að hafa þau hjón áfram í þjónustu skólans. Hann hafi því snúið sér að því að leita nánari upplýsinga um málið. Allt hafi borið að sama brunni. Nokkrir kennarar hafi vitað um þetta, allar starfsstúlkur og enn fremur hafi tveir nemendur viðurkennt að hafa fengið sígarettur hjá konu brytans. Hafi hún afhent þær fortölulaust.

Þegar hann hafi fengið nákvæmar upplýsingar um framferði þeirra hjóna hjá trúverðugu og traustu fólki, hafi hann tekið þá ákvörðun að rifta samningnum við brytann, enda álitíð, að sá grundvöllur, sem samningurinn var gerður á, væri brostinn. Þessa ákvörðun sína hafi hann tilkynnt stefnanda bréflega í ágústlok.

Áður en hann ritaði ofangreint bréf, kveðst hann hafa reynt að ná fundi stefnanda til þess að fá hann til að falla frá samningnum með góðu. Kom hann þá að máli við stefnanda og hóf máls á þessu, en allt kom fyrir ekki. Hann vildi fá ástæður fyrir riftuninni, og kveðst skólastjórinn í fyrstu atrennu hafa sagt honum, að uppvíst hefði orðið um sígarettugjafir konu hans til nemenda. Stefnandi hafi þá brugðizt æfur við og kallað það haugalygi, róg og sviksemi. Kona hans hafi tekið í sama streng. Hafi stefnandi þá hótað sér málssókn, því að hér væri borinn hinn argasti rógur á konu sína, og mundi hann aldrei sætta sig við það.

Skólastjórinn kveðst ekki hafa kippt sér upp við stóryrði stefnanda, enda vanur þeim frá því um veturinn. Bað hann nú hjónin að hugleiða málið og mundi hann koma aftur og heyra álit þeirra. Sólarhring síðar hitti hann þau enn á ný. Stefnandi hafi þá viljað fallast á riftunina gegn því, að honum væru greiddar skaðabætur. Hann kveðst hafa tjáð honum, að hann skyldi sjá um flutninginn á fáeinum húsmunum, sem hann hefði skilið eftir, en annað gæti hann ekki gert í þeim efnun.

Þessum málalokum hafi stefnandi tekið illa og tjáð sér, að hann mundi vísa málinu til lögfræðings síns. Eftir að hafa haft tal af lögfræðingi stefnanda kveðst skólastjórinn nokkrum dögum

síðar hafa farið enn til bústaðar stefnanda í Kópavogi í þeim tilgangi að afhenda honum uppsagnarbréfið. Hann var þá kominn út á sjó, en skólastjórinn ræddi málið við konu hans. Varð þá meðal annars að samkomulagi þeirra á milli, að hann sendi suður þann farangur, sem þau ættu að Eiðum. Ekki kveðst hann hafa afhent henni í þetta skipti uppsagnarbréfið, heldur sent það í ábyrgðarpósti sama dag.

Eftir þetta kveðst skólastjórinn hafa farið austur að Eiðum og sent þá fljótlega dót þeirra hjóna suður.

Ráðningarsamningur sá, sem skólastjóri Eiðaskóla gerði við stefnanda, og mál þetta fjallar um, hefur verið lagður fram á dskj. nr. 3, og þykir eftir atvikum rétt að rekja nákvæmlega efni hans. Samningurinn gildir fyrir tímabilið 1. október 1966 til 20. júní 1967. Við þetta bætast þrír til fimm dagar, fyrir og eftir, til undirbúnings og frágangs.

Verkefni bryta var framkvæmdastjórn og skipulag 125 manna mötuneytis (þó ekki reikningshald) sem bryti og yfirmatsveinn. Starfsliðið fimm stúlkur (fjórar eða færri í maí og júní). Annast bryti ráðningu starfsfólks, en leitar þó samþykkis skólastjóra. Reynt skal að fá reglusamt starfsfólk. Bryti annast öll innkaup til matarfélagsins á sem hagkvæmastan hátt, og hann setur starfsliði sínu starfsreglur. Þá annast bryti daglegan flutning að mötuneytinu. Bryti skal hafa samráð við formann matarfélagsins um rekstur þess, en á aðeins undir skólastjóra að sækja.

Kjör: Greidd laun eru 14.000.00 á mánuði og greiðast í lok hvers mánaðar. Orlof er innifalið. Fríðindi eru leigufrí íbúð með ljósi og hita, fæði fyrir bryta og tvö börn hans. Uppbót sú á ferða- og flutningskostnað, sem greiðast átti í októberlok 1966, skal greiðast til Eiðaskóla sem sumarleiga á íbúð.

Frídagar dragast saman og falla inn í jóla- og páskaleyfi nemenda. Um engar aðrar greiðslur eða fríðindi er að ræða. (Undantekning þó nauðsynlegur kostnaður við auglýsingar og síma).

Almennt: Mötuneytinu skal aflæsa að afloknum starfsdegi. Reykingar eru ekki heimilar í mötuneytinu. Nemendum skólans er óheimil dvöl í mötuneytinu. Sérstakir aðiljar annast sorphreinsun frá mötuneyti. Skólastjóri setur eða staðfestir þær reglur og ákvæði, sem nauðsynleg eru á hverjum tíma. Önnur atriði en þau, sem hér eru nefnd, skulu vera munnleg samkomulagsatriði. Þessi samningur er undirritaður af stefnanda og skólastjóranum f. h. Eiðaskóla. Þessum ráðningarsamningi segir skólastjórinn upp með bréfi, dagsettu 20. ágúst 1966, sem er á þessa leið:

„Haraldur Pétursson var ráðinn bryti að Alþýðuskólanum á Eiðum frá októbermánuði 1965 til 19. júní 1966. Þann 21. júní s.l. var samningurinn endurnýjaður og framlengdur fyrir tíma- bilið október 1966 til júní 1967. Um mitt sumar 1966 barst sá orðrómur til eyrna skólastjóra, að bryti hefði brotið landslög í húsakynnum skólans og bruggað þar áfengi. Leitað var staðfest- infar á orðrómi þessum, og fullyrtu nokkur vitni, að rétt væri. Var það meðal annars vottorð með undirskrift.

Þar sem hér er um að ræða freklega móðgun við stofnunina og alvarleg afglöp í starfi og auk þess útilokað að hafa slíkan starfskraft á skólastaðnum, telur skólastjóri einsætt, að sá grund- völlur, sem samningurinn var byggður á, sé brostinn. Riftir hann því samningnum hér með.

Reykjavík, þann 20. ágúst 1966.

Þorkell St. Ellertsson, skólastjóri“.

Þann 30. september 1966 ritar stefnandi saksóknara ríkisins bréf, þar sem hann fer þess á leit, að saksóknari höfði opinbert refsímál á hendur Þorkeli St. Ellertssyni, skólastjóra Alþýðu- skólans á Eiðum, fyrir að hafa í byrjun þessa mánaðar ruðzt inn á heimili sitt á Eiðum og borið eða látið bera út búslóð sína og fjölskyldu sinnar. Telur stefnandi, að þessi háttsemi skólastjórans, sem hér er kært út af, sé refsiverð samkvæmt ákvæðum 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 260. gr. sömu laga og loks brot gegn 234. gr. sömu laga. Vegna þeirrar móðgunar og lítils- virðingar, sem honum og fjölskyldu hans sé sýnd með hinum ólöglega útburði af heimili sínu, fer hann þess á leit við sak- sóknara, að hann höfði opinbert refsímál á hendur skólastjóra fyrir brot á 230. gr. hegningarlaganna og öðrum refsíákvæðum, sem hann teldi brot þessi varða við. Stefnandi skýrir svo nánar frá ástæðum fyrir þessari kæru sinni, sem verða ekki endurteknar hér, þar sem áður hefur verið frá þeim skýrt hér að framan.

Með bréfi, dagsettu 7. október 1966, leggur saksóknari fyrir sýslumann Suður-Múlasýslu að rannsaka mál þetta, eftir því sem kæran veitir efni til og tilefni kann að gefa til.

Þann 20. október mætir skólastjórinn, Þorkell Steinar Ellerts- son, fyrir dómi og skýrir þá frá málsatvikum á svipaðan hátt og rakið hefur verið hér áður í greinargerð hans.

Hann neitar því að hafa ruðzt heimildarlaust inn í íbúð stefn- anda, þar eð íbúðina hafi hann ekki haft, heldur aðeins eitt her- bergi. Hann telur, að eins og á stóð, hafi þetta herbergi ekki

verið heimili stefnanda, þar eð stefnandi hafi lýst því yfir, að hann ætlaði að dveljast í Kópavogi yfir sumarmánuðina. Þá segir hann, að það sé rangt, sem kemur fram í kærinni, að hann hafi fengið lykil að íbúðinni hjá stefnanda undir því yfirskini, að lykill skólans hefði glatazt, heldur hafi það verið skylda stefnanda að skila lyklinum, áður en hann fór. Þessum lykli hafi stefnandi skilað heim til foreldra sinna, er hann var staddur í Reykjavík í júnímánuði þá um sumarið.

Skólastjórinn tekur fram, að er hann fór heim til stefnanda í Kópavogi, eins og áður segir, en stefnandi var ekki heima, hafi hann sagt konu hans, að hann mundi rita honum síðar uppsagnarbréf og tilgreina þá meðal annars sem riftunarástæðu, að stefnandi hefði bruggað áfengi þá um veturinn í skólanum. Í þetta sinn hafi hann tjáð konu stefnanda, að hann mundi senda henni húsmuni þá, sem þau hjónin ættu eftir á Eiðum, og hafi Katrín ekki hreyft neinum athugasemdum við þeirri ráðstöfun. Þessari yfirlýsingu skólastjórans hefur stefnandi síðar mótmælt sem rangri.

Í sambandi við þessa dómsrannsókn óskaði skólastjóri eftir, að vitni þau, sem gefið höfðu vottorð í málinu, yrðu kvödd fyrir dóm.

Sigrún Björgvinsdóttir kennari hefur borið eftirfarandi fyrir dómi og staðfest framburð sinn með eiði: Vitnið kvaðst hafa verið kennari á Eiðum veturinn 1965—66. Það hafi farið að kvisast fyrir jól meðal starfsfólks og kennara, að stefnandi neytti mikils áfengis og bruggaði áfenga drykki auk þess.

Vitnið skýrir svo frá, að skömmu fyrir jólin hafi Þráinn Bertelsson kennari komið til þess að kvöldlagi og beið þá að koma til íbúðar Haralds bryta og spila á spil. Vitnið varð við þessari beiðni, og var þá sezt niður við spilin, en þau, sem spiluðu, voru auk vitnisins húsráðendur, stefnandi og kona hans Katrín og Þráinn Bertelsson. Um leið og þau hófu spilamennskuna, hafi vökvi verið borinn á borð í glösum, ljósleitum og greinilega heimagerður.

Vitnið segir, að sér hafi strax orðið ljóst bæði af orðum þeirra stefnanda og Þráins, að stefnandi hafði bruggað þennan drykk. Einnig varð vitninu ljóst af því að bragða á drykknum, að hann var áfengur. Ekki kveðst vitnið þó hafa fundið til áfengisáhrifa, enda ekki drukkið nema hálf glas. Vitnið sagði, að Þráinn hefði drukkið talsvert af þessum drykk og orðið sýnilega ölvaður við neyzlu hans. Stefnandi hafi einnig neytt drykkjarins nokkuð

og hafi hann þá einnig orðið ölvaður, æst sig upp út af spíla-
mennskunni og sofnað í stól í stofunni.

Af framangreindum atvikum svo og fleiru segir vitnið, að sér
hafi verið ljóst, að þeir Þráinn og stefnandi væru drykkjufélagar.

Þá hefur mætt sem vitni í málinu Jökull Sigurðsson, kennari
við Eiðaskóla, og staðfest framburð sinn með eiði. Vitnið tók
fram, að eftir áramót 1965—66 hefði það heyrt samstarfsmenn
sína hafa orð á því, að stefnandi neytti mikils áfengis og brugg-
aði jafnframt áfengt öl. Nokkru eftir áramót, líklega um mánaða-
mótin janúar—febrúar, hafi vitnið svo komið í íbúð stefnanda
ásamt Þráni Bertelssyni. Hafi stefnandi þá strax borið öl í glösum
á borð og hafi vitnið bragðað á drykknum, en þótt hann ólyst-
ugur vegna megns gerbragðs. Vitnið tók fram, að er það kom í
íbúð Haralds að þessu sinni, hafi því ekki dulizt, að hann varð
talsvert ölvaður, og eftir drykklanga stund hafi hann og Þráinn
orðið að hjálpa honum til sængur sökum ölvunar.

Þá segir vitnið, að sér hafi oft verið kunnugt um í fyrravetur,
að stefnandi hafi verið undir áfengisáhrifum og þá oft tvo til
þrjá daga í einu. Hafi þetta stundum átt sér stað á þeim tíma,
sem samgöngulaust var við Eiðaskóla sökum ófærðar, og vitnið
því ályktað, að stefnandi væri undir áhrifum áfengis af öli, enda
hafi vitninu verið ljóst, að öl það, sem boðið var af stefnanda og
fyrir getur, hafi verið bruggað. Ekki kveðst vitnið hafa séð nein
bruggunartæki hjá stefnanda nema krukku í íbúð hans, sem
öl þetta var geymt þá í.

Aðspurt sagði vitnið, að það hefði ekki viljað kæra stefnanda
fyrir athæfi þetta, þar sem það taldi hann stunda atvinnu sína
sómasamlega og einnig vegna þess, að vitnið taldi, að þessir
ágallar í fari hans væru ekki á vitorði nemenda.

Þá hefur komið fyrir dóm Hildur Sigurðardóttir, kennari við
Eiðaskóla, og staðfest framburð sinn með eiði. Vitnið segir, að
einhvern tíma um áramótin 1965—66 hafi það ásamt Þráni
Bertelssyni verið einu sinni að spíla þridge í íbúð stefnanda að
Eiðum. Hafi hann þá borið öl á borð og vitnið neytt nokkurs af
því og fundið greinilega til áhrifa af því. Ekki kveðst vitnið hafa
verið í neinum vafa um, að öl þetta var heimatilbúið, og minnst
vitnið þess, að karlmennirnir ræddu um styrkleika ölsins, og
einnig skildist vitninu það, að stefnandi byggi þetta til.

Vitnið segist einnig minnst þess, að það hafi öðru sinni komið
í íbúð stefnanda og hafi þar þá verið rætt um það, að sú ílögn,
sem þá var í gangi, hefði annað hvort heppnast vel eða illa, en

vitnið man nú ekki nákvæmlega, hvernig orð féllu. En vitnið skildi það svo, að ef ölið heppnaðist vel, merkti það, að mikið áfengismagn væri í því. Vitnið kveðst hafa vitað, að stefnandi bruggaði ölið ekki í íbúð sinni, og aldrei kveðst vitnið hafa séð nein bruggunartæki eða stefnanda að iðju sinni. Margir kennaranna hafi vitað um þetta, en látið það afskiptalaust.

Þá hefur mætt sem vitni í málinu Hildur Friðbergsdóttir, starfsstúlka við mótuneytið á Eiðum.

Vitnið skýrði svo frá, að hún hefði verið starfsstúlka á Eiðum veturinn 1965—66 og hafi hún iðulega orðið vör við það, að brytinn, Haraldur Pétursson, stefnandi þessa máls, var undir áhrifum áfengis við vinnu sína, stundum marga daga í einu. Hafi vitnið heyrt samstarfsstúlkurnar og fleiri ræða um það, að stefnandi bruggaði áfengt öl, og hafi vitnið ályktað, að svo væri, út frá lykt þeirri, sem það fann frá vitum stefnanda, og einnig af því, að hann virtist vera undir áfengisáhrifum. Vitnið kvaðst aldrei hafa séð nein bruggunartæki hjá stefnanda eða vitað, hvar hann geymdi ölið. Ekki kveðst vitnið hafa bragðað á þessu öli. Þá kveðst vitnið ekki vita neitt um samskipti þeirra stefnanda og skólástjóra, Þorkels Ellertssonar.

Vitnið kveðst minnst þess gerla, að í fyrravetur, líklega skömmu eftir nýár, hafi það horft á, er Katrín, eiginkona stefnanda, afhenti skólapilti vindlinga, enda hafi verið rætt um það meðal starfsstúlkna, að Katrín léti skólapiltunum í té tóbak, en vitninu var það ljóst, að nemendum var bannað að reykja.

Öll framangreind vitni komu fyrir dóm 20. október 1966.

Þann 19. janúar 1967 komu Vilhjálmur Ingvi Árnason kennari fyrir dóm á Akureyri og bar eftirfarandi: Vitnið kvaðst hafa verið kennari við Eiðaskóla veturinn 1965—66. Vitnið kvaðst vita til þess, að stefnandi hefði eitthvað fengizt við bruggun þennan vetur, það er að segja ölbruggun. Það kveðst hafa séð ölið, sem bruggað var, en ekki bragðað á því. Það kveðst hafa haft ástæðu til að ætla, að ölið hafi verið áfengt, þar sem stefnandi hafði aðgang að geri og notaði það ásamt ávöxtum, rúsínum o. fl. við bruggunina, en ekki telur vitnið, að vökvinn hafi verið eim-aður.

Vitnið kvaðst hafa séð menn neyta þessa drykkjar og hafi það haft í för með sér ölvunaráhrif á þá. Vitnið telur, að þetta hafi verið á flestra vitorði í skólanum og lykt hafi fundizt í skólahúsinu. Vitnið kveður stefnanda hafa neytt áfengis nokkuð umfram ölið og hafi hann sétt ölvaður oftár en einu sinni.

Það kveðst hafa séð ílagningarbrúsa, 30 lítra undan saft, sem matarfélagið átti. Í eitt skipti var í tveim brúsum í einu í húsa- kynnum skólans. Vitnið kveðst ekki hafa séð, þegar lagt var í, né heldur, þegar af brúsanum var hellt. Hins vegar telur það, að hellt hafi verið í minni ílát af þeim, þegar neyta átti ölsins, og sá vitnið slík ílát með drykk í. Vitnið kveðst einu sinni hafa verið viðstatt í íbúð stefnanda, þegar þeir stefnandi og Þráinn Bertelsson kennari neyttu ölsins. Voru þeir ódrukknir, þegar öldrykkjan hófst, en voru orðnir ölvaðir, er það skildi við þá. Það segir, að þeir hafi einungis neytt ölsins þá, en ekki sterkra drykkja. Það sá fleiri neyta ölsins, en sá ekki ölvunaráhrif á öðrum.

Vitnið kveðst aldrei neyta áfengra drykkja. Vitnið kveðst vita til þess, að fleiri kennarar hafi neytt áfengis, en einungis í frítímum. Það telur þó, að ekki hafi verið meiri brögð að því en mannlegt sé. Þá tók vitnið fram, að það álíti, að skólastjórinn eða fjölskylda hans hafi ekki vitað um þetta, enda hafi þau búið í öðru húsi.

Þá hefur Þráinn Bertelsson kennari komið fyrir dóm 8. marz 1967 og borið eftirfarandi: Vitnið kveðst ekki vita til þess, að stefnandi hafi bruggað áfengt öl umræddan vetur. Það kveðst oftast en einu sinni hafa drukkið með stefnanda í íbúð hans, a. m. k. vökva, þar sem blandað var saman víni og Maltódrykk, sem stefnandi hafði búið til. Vitnið kveðst hafa drukkið Maltódrykkinn eintóman, en aldrei fundið til áfengisáhrifa af honum og telji hann óafengan. Fjöldi manna á Eiðum, þar á meðal það sjálf og fleiri kennarar, hafi búið til Maltódrykk, en meðferð kennaranna á þessum drykk hafi miðast við það, að nemendur kæmust ekki á snoðir um hann, svo að ekki vöknudu grunsemdir í þá átt, að um sterkari drykk væri að ræða.

Framburður Hildar Sigurðardóttur hér að framan var borinn undir vitnið. Vitnið sagði þar rétt frá skýrt að því frátöldu, að ölið, sem þar sé talað um, sé blanda sú, sem það hafi áður lýst.

Þá var framburður Jökuls Sigurðssonar kennara borinn undir vitnið. Sagðist vitnið ekki minnst þess atburðar, sem þar greinir, en vel geti verið, að þar sé rétt frá skýrt. Ekki sagðist vitnið í tilefni af framburði Jökuls geta sagt um, hvort af umræddum drykkjum hafi einhvern tíma verið gerbragð, þar sem það viti ekki, hvernig ger sé á bragðið.

Þá var framburður Sigrúnar Björgvinsdóttur borinn undir vitnið. Sagðist vitnið ekki muna, hvaða drykkur hefði verið drukkin í það sinn, en lýsingin í framburði Sigrúnar á lit vökv-

ans komi ekki heim við það, að þar hafi verið um Maltó að ræða, þar sem sú blanda sé dökkleit. Ekki kvaðst vitnið vita til þess, að Katrín, kona stefnanda, hefði afhent nemendum sígarettur. Ekki heldur vissi vitnið til þess, að nemendur hefðu tekið sígarettur í eldhúsi, en tekur fram, að þar hafi sígarettur verið geymdar í ákveðinni skúffu, sem auðvelt var að komast að. Vitnið sagði, að reykingar hefðu sannast á nokkra nemendur, en aldrei sannast, að þeir hefðu fengið sígarettur afhentar hjá Katrínu eða úr eldhúsinu.

Þá hefur kona stefnanda, Katrín Hrafnfjörð Líkafrónsdóttir, komið fyrir dóm og borið eftirfarandi:

Hún hefur algerlega neitað því, að maður hennar, stefnandi, hafi bruggað áfengt öl, meðan þau voru á Eiðum. Enn fremur neitar hún því að hafa afhent nokkrum nemanda sígarettu í eldhúsi skólans. Neitar hún því enn fremur eindregið, að nokkurt samkomulag hafi orðið milli hennar og skólastjóra um sendingu farangurs þeirra frá Eiðum.

Stefnandi hefur fyrir sakadómi þann 22. nóvember 1966 borið eftirfarandi:

Hann segir, að aldrei hafi annað komið til tals en að hann hefði alla íbúð sína á Eiðum sumarið 1966 og kveður gagnstæðan framburð skólastjórans rangan. Aðspurður sagði hann, að það væri rétt, að hann hefði neitað skólastjóranum um að láta hann hafa lykil að læstri matvælageymslu, er hann fór suður. Ástæðan fyrir þeirri neitun hafi verið sú, að skólastjórinn hafi neitað að koma með sér og telja vörubirgðir, sem voru í geymslunni, og jafnframt undirrita lista yfir þær. Síðan kveðst hann hafa skilað lyklinum, eins og áður segir. Seint í september 1966 kveðst hann hafa afhent skólastjóranum lykil að íbúð sinni að Eiðum. Þetta hafi hann gert eftir þrábeiðni skólastjórans, er benti honum á, að hann yrði að geta komizt inn í íbúðina í því tilfelli, að eitt-hvað kæmi fyrir, svo sem vatnsleki á miðstöð eða þess háttar.

Hann kveðst hafa aðvarað skólastjóranum um að hreyfa nokkurn hlut í íbúðinni sjálfs hans vegna, því að áður hefði skólastjórinn verið búinn að hóta að koma honum burt frá Eiðum með lögreglu-eða fógetavaldi. Enn fremur segir hann, að það sé algerlega rangt, að skólastjórinn hafi nokkurn tíma minnt á það við konu sína, að hann mundi flytja búslóð þeirra, sem var á Eiðum, suður.

Stefnandi viðurkenndi, að hann hefði stundum lagað nokkrar flöskur af öli, er nefndist Maltó og fæst í flestum matvöruverzl-

unum, en efni þetta sé selt í þökkum. Þetta kveðst hann hafa gert í íbúð sinni á Eiðum. Hann sagði, að áfengismagn þess öls hefði annað hvort verið ekkert eða svo lítið, að það bryti á engan hátt í bága við áfengislög. Öl þetta kveðst hann aðallega hafa notað til að blanda með áfengi. Annað öl kveðst hann ekki hafa lagað.

Stefnanda var bent á framburð Sigrúnar Björgvinsdóttur hér að framan. Hann sagði, að það væri rétt, að spilamennskan, sem þar um getur, hefði farið fram og að þau hefðu haft áfengi þar um hönd, en það hafi annað hvort verið gin eða vodka, blandað með framangreindu öli.

Þá var honum bent á framburð Hildar Sigurðardóttur hér að framan. Hann segir, að umrætt vitni hafi nokkrum sinnum spilað bridge í íbúð sinni að Eiðum og hafi vitninu verið kunnugt um ölið og að það hafi eingöngu verið notað til að blanda með, enda hafi vitnið stundum sjálfst lagt til hinn sterkari drykk, og telur stefnandi, að svo hafi verið í þetta sinn.

Þá hefur stefnandi fyrir dómi í Reykjavík 8. marz 1967 borið eftirfarandi:

Þar endurtekur stefnandi mótmæli sín gegn því að hafa nokkurn tíma bruggað áfengt öl, meðan hann dvaldist að Eiðum við störf sín. Hins vegar, eins og áður segir, hafi hann lagað drykk úr svonefndum Maltó, sem sé óáfengur drykkur. Við lögunina hafi hann fylgt leiðbeiningarreglum, sem fylgdu, og aldrei hafi hann búið til áfengan drykk úr Maltó. Honum var bent á vottorð og framburð vitna, og tók hann fram í því sambandi, að tilgangur hans með tilbúningi framangreinds drykks hafi verið að búa til góða blöndu út í vín. Hann kveðst ætíð hafa lagað úr einum þakka af Maltó í tíu lítra.

Þá var borin undir hann frásögn Þorkels St. Ellertssonar skólastjóra á dskj. nr. 21, en þar skýrir skólastjórinn svo frá, að er Eiðaskóli hóf starfsemi sína haustið 1966, hafi hann afhent Jenný Sigurðardóttur ráðskonu lykil að matvælageymslu í kjallara mótuneytisins. Skömmu síðar hafi ráðskonan farið inn í geymsluna, en hún hafi staðið læst frá því um vorið, að stefnandi gekk frá henni. Ætlun ráðskonunnar hafi verið að taka til í geymslunni. Með henni hafi verið Karen Benediktsdóttir starfsstúlka og Örn Gissurarson staðarráðsmaður.

Í geymslunni fundu þau meðal annars stóran bláan plastbrúsa, sem innihélt dreggjjar af einhverjum vökva með rammri lykt. Innihaldi brúsans var hellt í krukku og krukkan síðan sett á

annan stað. Nokkru eftir þetta tilkynnti ráðskonan honum fund þennan, og tók hann þá vökvann í sína vörzlu. Þar sem skólastjórinn telur líkur benda til, að hér sé um leifar af bruggframleiðslu stefnanda að ræða, hafi sér þótt rétt að senda sýnishorn af vökvanum suður, ef vera kynni, að það gæti orðið málstað sínum að gagni. Skólastjórinn tekur fram í bréfinu, að stefnandi sé eini maðurinn, sem geti gert grein fyrir þessum vökva, enda hafi nefnd geymsla verið í forsjá hans að öllu leyti skólaárið.

Stefnandi kveðst alls ekki kannast við þennan vökva, sem skólastjórinn greinir þarna frá, og segist ekki vita, hvornig tilkomu hans sé háttað, en vökvi þessi inniheldur samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu iðnaðarins 7.55% alkóhól. Auk þess eru í honum reikular sýrur 0.15%. Bruggið var mjög gruggugt og innihélt auk þess rúsínur. Gruggið var að miklu leyti hreint gerkúltúr.

Stefnandi kveðst oft hafa drukkið Maltódrykk sér, en þó aldrei, áður en hann fór í vinnu. Hann segist ekki vita, hvort menn lykti eftir slíkan drykk, en telji þó, að það sé ósennilegt. Þá ítrekar hann, að á engan hátt hafi samizt svo um milli hans og skólastjórans eða konu hans og skólastjórans, að hann geymdi eftirstöðvar búslóðar sinnar í einu herbergi íbúðarinnar á Eiðum. Sá hluti búslóðarinnar, sem hann hafi ekki farið með suður, hafi verið í öllum herbergjum íbúðarinnar að frátöldu svefnherbergi, sem hafi verið tóm, en opið. Mótmælir hann frásögn skólastjórans, er fer í bága við þessa frásögn sína. Þá tók stefnandi fram, að sér væri algerlega ókunnugt um, að kona sín hefði nokkurn tíma afhent nemendum sigarettur.

Hér að framan hafa nú verið rakin málsatvik, svo sem þau liggja fyrir í skjölum málsins eftir framburðum vitna svo og frásögn beggja aðilja.

Stefnandi reisir kröfur sínar í máli þessu á því, að með riftun ráðningarsamnings hans sjálfs svo og eiginkonu sinnar hafi skólastjóri Alþýðuskólans á Eiðum, Þorkell Ellertsson, gerzt sekur um ólögmet ráðningarslit. Þá telur hann enn fremur, að ástæður þær, sem fram hafa verið bornar af hálfu skólastjórans til ráðningarslitanna séu til þess fallnar að sverta mannorð sitt og konu sinnar í augum almennings. Árás skólastjórans eða fólks hans inn á heimili sitt á Eiðum og brottflutningur búslóðar sinnar telur stefnandi mjög móðgandi og særandi fyrir sig og fjölskyldu sína og auk þess sé þar um að ræða refsivert atferli samkvæmt 231. og 260. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Auk þess

kveður stefnandi allt atferli skólastjórans, sem að framan er lýst, hafa valdið sér og aðstandendum sínum miklum hugraunum og óþægindum auk röskunar á stöðu og högum, þar sem þau hafi verið flæmd frá réttu og lögmætu heimili þeirra. Af öllu þessu telur stefnandi ríkissjóð bera fébótaábyrgð.

Eins og fram kemur í upphafi dómsins, nemur fjárhæð endanlegrar dómkröfu stefnanda alls kr. 304.300.00. Hafa þá verið felldir niður úr upphaflegri kröfugerð tveir liðir, þ. e. um laun í 9 mánuði til handa eiginkonu stefnanda, kr. 72.000.00, og bætur vegna ærumeiðandi ummæla um hana, kr. 30.000.00. Jafnframt hefur krafa um fæði stefnanda og fjölskyldu hans lækkað úr kr. 86.400.00 í kr. 64.800.00. Sundurliðast kröfugerð stefnanda eftir þessa breytingu þannig:

1. Umsamin laun stefnanda í 9 mánuði	kr. 126.000.00
2. Afnotamissir íbúðar í 9 mánuði	— 13.500.00
3. Fæði stefnanda og fjölskyldu hans í 9 mánuði —	64.800.00
4. Bætur vegna ærumeiðandi ummæla um stefnanda —	50.000.00
5. Bætur vegna miska af ólögmætri árás inn á heimili stefnanda og útburð	— 50.000.00

Kr. 304.300.00

Af hálfu stefnda fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs hefur kröfutiliðum þessum verið mótmælt í einu og öllu.

Stefndi fjármálaráðherra rökstyður kröfur sínar á eftirfarandi hátt: Sýknukröfu sína byggir hann á því, að um aðildarskort sé að ræða. Stefnandi telji, að skólastjóri Eiðaskóla, Þorkell Steinar Ellertsson, hafi bakað honum tjón með ólögmætri riftun á ráðningarsamningi við hann, ærumeiðandi ummælum um hann og konu hans og ólögmætri árás inn á heimili hans og útburð. Hann hafi því átt að beina þessum kröfum sínum að skólastjóranum, en ekki ríkissjóði. Verði aðalkrafan ekki tekin til greina, rökstyður hann varakröfu sína á eftirfarandi hátt: Þegar skólastjórinn komst á snoðir um, að stefnandi hefði ef til bruggað áfengi innan skólastofnunar og auk þess kona hans stuðlað að því, að unglingar næðu í sígarettur, en tóbaksreykingar séu algerlega bönnaðar innan skólans, hafi skólastjóranum verið rétt og skylt að rifta ráðningarsamningnum, enda hafi þá algerlega verið brostin forsenda fyrir honum.

Heimavistarskólinn á Eiðum er kostaður af almannafé og starfar innan fræðslukerfis ríkisins. Skólastjórinn er skipaður af mennta-

málaráðherra og tekur laun úr ríkissjóði. Hann er því ríkisstarfsmaður. Verður að telja, að ríkissjóður eigi aðild að málsókn, sem til er stofnað vegna ætlaðra ávirðinga skólastjórans í starfi, og að ríkissjóður geti í slíku máli orðið sóttur til fébótageiðslu, yrði svo litið á, að skilyrði fébótaábyrgðar að öðru leyti væru til staðar.

Svo sem að framan greinir, rifti skólastjórinn ráðningarsamningi stefnanda eftir að hafa kannað sannleiksgildi orðröms, sem honum barst til eyrna á miðju sumri 1966, þess efnis, að stefnandi bruggaði áfengi í húsakynnum skólans. Ásókunum í þessu efni hefur stefnandi neitað, en viðurkennt að hafa lagað Maltódrykk í íbúð sinni, sem hann notaði til þess að blanda með áfengi.

Í 2. gr. áfengislaga nr. 58/1954 er skilgreining á því, hvað sé áfengi. Þar segir, að áfengi teljist samkvæmt lögnum hver sá vökvi, sem meira er í en $2\frac{1}{4}\%$ af vínanda að rúmmáli. Í þessu lagaákvæði segir enn fremur, að duft og annað efni, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skuli fara með sem áfengan drykk.

Lagður hefur verið fram sem dskj. nr. 9 pakki með áprentuðu vörumerki, „Maltó — Til heimilisölgerðar“. Ekki er getið á umbúðum framleiðslustaðar, en efni þetta mun hafa verið framleitt á Akureyri. Maltó-pakkinn vegur um 250 grömm, og er innihald hans ætlað til framleiðslu á 10 lítrum af öli. Á bakhlið pakkans eru prentaðar notkunarreglur, og samkvæmt þeim á að bæta í löginn, sem fæst eftir suðu og síun, 300 grömmum af sykri eða sýrópi og gerja hann síðan í einn sólarhring. Innihald pakkans er malað malt, en malt er aðalhráefni til ölgerðar.

Sé hinum prentuðu notkunarreglum fylgt, er ekki unnt að framleiða áfengt öl úr Maltó eða öl með yfir 1.8 grömmum af etanol í 100 grömmum af öli (1.8 grömm af etanol í 100 grömm af öli samsvara 2.25 ml. í 100 ml. af öli). Hins vegar er auðvelt að gera öldrykk þennan áfengan, án þess að nokkur sérstakur tækjabúnaður þurfi til að koma, einungis með því að auka sykri- eða sýrópsmagnið og lengja gerjunartímann. Við hagstæðustu skilyrði mynda 100 grömm af hreinum sykri við gerjun allt að 50 grömmum af etanol. Þannig auka 100 grömm af sykri í 10 lítra af öli áfengismagnið um 0.5 grömm í 100 grömm af öli, eða 0.5 þyngdarprósent.

Eftirfarandi tafla sýnir, hvernig áfengismagnið eykst með auknu sykurmagni, miðað við 10 lítra öls og hagstæðustu skilyrði til gerjunar:

100	grömm	sykurs	gera	0.5%	miðað	við	þyngd
200	—	—	—	1.0%	—	—	—
300	—	—	—	1.5%	—	—	—
400	—	—	—	2.0%	—	—	—
500	—	—	—	2.5%	—	—	—
600	—	—	—	3.0%	—	—	—
700	—	—	—	3.5%	—	—	—
800	—	—	—	4.0%	—	—	—
900	—	—	—	4.5%	—	—	—
1.000	—	—	—	5.0%	—	—	—

Samkvæmt ofangreindu má sjá, hve nákvæmt sykurmagnið þarf að vera og gerjunartíminn til þess, að áfengismagn ölsins fari ekki yfir lögleyft hámark. Þá er þess að gæta, að við gerjun á sykri og malti myndast megn ger- og öllykt, sem óhjákvæmlega berst á milli herbergja, nema glerlásar séu notaðir við bruggunina. Þegar öls, sem hefur verið gerjað, er neytt að einhverju ráði, leggur óhjákvæmlega öllykt frá öndunarfærum neytandans.

Þegar virtir eru framburðir framangreindra vitna um höfuðálitaefni málsins, þ. e. ætlaða bruggun stefnanda á áfengu öli innan veggja Eiðaskóla, verður að telja sannað, að ölbrugg hans hafi eigi verið svo saklaust sem hann vill vera láta. Þykir nægilega leitt í ljós með framburðum vitnanna Sigrúnar Björgvinsdóttur, Jökuls Sigurðssonar, Hildar Sigurðardóttur og Vilhjálms Árnasonar, sem öll voru kennarar skólans, að stefnandi hafi gerzt sekur um tilbúning öls, sem innihélt meira áfengismagn en 2. gr. áfengislaganna heimilar, og ber þá sérstaklega að hafa í huga framburð Vilhjálms Árnasonar, sem ber, að stefnandi hafi notað bæði ávexti og rúsínur í ölið, sem fer í bága við notkunarreglur á dskj. nr. 9. Þessa drykks neytti stefnandi sjálfur í hípýlum sínum í skólanum og veitti öðrum af honum. Þegar litið er til þess, að þessi háttsemi átti sér stað í heimavistarskóla, þar sem á annað hundrað nemendur voru saman komnir til náms og dvalar, verður að telja, að þessi ávirðing stefnanda hafi verið sérstaklega ámælisverð og óviðeigandi og til þess fallin að veikja aga og góða reglu í skólanum og þar með torvelda skólastarfið. Var skólastjóranum því rétt að rifta ráðningarsamningnum við stefnanda. Í því sambandi verður það eigi fundið skólastjóranum til foráttu, að hann rifti ekki samningnum, fyrr en áliðið var sumars 1966, þar sem ósannað er, að hann hafi fyrr vitað um

athæfi stefnanda þá um sumarið, en skólastjórinn átti ekki bústað í skólahúsinu.

Af lögmæti riftunar ráðningarsamningsins leiðir, að skilyrði brestur til þess að stefndu verði gerð fébótaábyrgð á því tjóni stefnanda, er af ráðningarslitunum kann að hafa leitt. Þegar af þeirri ástæðu koma eigi til álita fjárhæðirnar undir lið 1, 2 og 3 í kröfugerð hans.

Kemur þá til athugunar, hvort liðir 4 og 5 í kröfugerð stefnanda hafa við rök að styðjast, en þeir liðir varða eigi beint sjálf ráðningarslitin, þótt þeir séu í tengslum við þau.

Stefnandi færir þau rök að 4. lið kröfugerðar sinnar, að Þorkell St. Ellertsson skólastjóri hafi dróttað að sér refsiverðri háttsemi með ásökunum þeim, er hann hefur fært fram til réttlætningar ráðningarslitunum. Þessar ærumeiðandi aðdróttanir hafi skólastjórinn síðan borið út stefnanda til álitshnekkis.

Hér er krafizt bóta fyrir ærumeiðandi ummæli. Slíkri kröfu verður ekki beint til annarra en þeirra, sem ummælin hafa viðhaft. Skólastjóranum hefur ekki verið stefnt til aðildar í málinu, og verður þegar af þeirri ástæðu að sýkna af kröfu stefnanda undir þessum lið.

Stefnandi telur, að það hafi verið ólögmætur útburður að fara inn í íbúð þá, er hann hafi haft til umráða í Eiðaskóla, taka þar búsmuni sína og senda þá burt af staðnum. Hafi sér og fjölskyldu sinni verið sýnd móðgun og lítilsvirðing með þessum aðgerðum.

Það er að vísu ósannað gegn mótmælum stefnanda, að samráð hafi verið haft við hann um brottflutning húsmuna hans frá Eiðaskóla, en þegar litið er til þess, er þá var á undan gengið, og mjög neikvæðrar afstöðu stefnanda til ráðningarslitanna, verður eigi talið, að það hafi verið réttarbrot gagnvart honum að fara inn í íbúð þá, er hann hafði haft til umráða, til þess að rýma hana. Við mat á þessu ber að líta til þess, að ráðningartími stefnanda hófst eigi fyrir en 1. október um haustið, og að vistarverur þær, sem hér er um að ræða, voru fram til þess tíma fremur geymsla fyrir búsmuni hans undir umsjón skólayfirvaldanna en heimili, enda var raunverulegt heimili stefnanda þá í Kópavogi, og þar dvaldist hann með fjölskyldu sinni. Þykja því ekki efni til þess að taka þennan lið til greina að neinu leyti.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, verða úrslit málsins þau, að sýkna ber stefndu í málinu. Eins og málinu er háttað og eftir úrslitum þess, þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefnda fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs kr. 10.000.00

upp í málskostnað. Á hinn bóginn ber að láta málskostnað gagnvart stefnda menntamálaráðherra vegna ríkissjóðs falla niður, þar eð sá aðili tók eigi til varnar í málinu.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendum Gunnari M. Guðmundssyni lögfræðingi og Hallgrími Björnssyni efnaverkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra og menntamálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Haralds Péturssonar, í máli þessu. Stefnandi greiði stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs kr. 10.000.00 upp í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. maí 1970.

Nr. 45/1970. Landsbanki Íslands

(Stefán Pétursson hrl.)

gegn

Húsfélaginu Ferjubakka 2—16 og gagnsök

(Kristinn Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögveð. Fjölbýlishús. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hætaréttar með stefnu 26. febrúar 1970 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði synjað um greiðslu af uppboðsandvirði íbúðar Garðars Steinþórssonar að Ferjubakka 16, Reykjavík, og svo að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 13. marz